

Umsögn Hugarafis við frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál.

Hugarafi hefur ekki neinar athugasemdir við frumvarpið sjálft, en félagið hefur nokkrar athugasemdir við atriði sem lögín sjálf ná til og tengjast.

- Varðandi NPA þá þykir okkur mikilvægt að skoða greiðsluskiptingu milli ríkis og sveitafélaga með tilliti til jafnræðisreglu. Við viljum ekki sjá fólki mismunað eftir því hvar það býr en það er hætt við því þar sem sveitafélögin eru mis fjársterk og 80% kostnaðar við NPA lendar á þeim.
- Samkvæmt fylgigögnum með frumvarpinu kemur fram að fjöldi NPA samninga er áætlaður sá sami fyrir árin 2015 og 2016 og þ.a.l. gert ráð fyrir sama kostnaði bæði árin. Nú hefur umræðan um NPA verið mikil í samfélaginu og líkur á að fleiri munu sækja um NPA. Í þessu ljósi viljum við spyrja; er þetta raunhæft?
- NPA er ætluð fötluðum og við veltum fyrir okkur hvaða stöðu geðfatlaðir hafa í þessu máli. Á heimasíðu Mannréttindastofu Íslands kemur fram að:
 - "Í íslenskum lögum liggur því ekki fyrir afmörkuð skilgreining á því hvað fötlun er. Þrátt fyrir það er sérstök áhersla lögð á hugtakið geðfatlaður. Þar er gerður greinarmunur á sjúkdómi annars vegar og ástandi sem er bein afleiðing af sjúkdómnum. Geðsjúkur einstaklingur þarf því ekki endilega að vera fatlaður þó svo að af sjúkdómnum geti hlotist fötlun."
<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/fatlad-folk>
16/2/2015
- Okkur þykir mjög mikilvægt að Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur.

Með kveðju frá Hugarafli